

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur föstudaginn 8. janúar 2021

Mál nr. E-446/2019:

A

(Bernhard Bogason lögmaður)

gegn

B

C

D og

E

(Einar Þór Sverrisson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem þingfest var 5. febrúar 2019 og dómtekið 16. nóvember sl., hefur A, höfðað á hendur B, C, D, og E.

Stefnandi krefst þess að „aðallega; að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda kr. 109.256.794 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 13. mars 2013 til 1. febrúar 2019 en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.“ Þá krefst stefnandi málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefjast stefndu hvert fyrir sig málskostnaðar úr hendi stefnanda þeim að skaðlausu.

I

Helstu málsatvik

Forsaga máls þessa er sú að með samningi 19. mars 2013 keypti hið stefnda félag, B, hluti L í félaginu. Um var að ræða 17% af útgefnu hlutafé. Fram kemur í stefnu að félagið hafi á þessum tíma átt 6,75% hlut í sjálfu sér þannig að í raun hafi verið um að ræða kaup á 18,15% af virku hlutafé í félaginu. Fram kemur í gögnum málsins að B rekur G, auk hótels og gistiheimilis við [...], og um tíma mun félagið hafa rekið H. Stefndu, E, D og C, eru í stjórn B og voru stjórnarmenn í félaginu í september 2012. Samkvæmt gögnum málsins mun stefnandi, A., hafa þann 21. október 2018 fengið kröfur á hendur stefndu framseldar frá L, fyrirvarsmanni stefnanda. L mun hafa verið starfsmaður B á árunum 2003 til 2010 sem rekstrarstjóri og jafnframt hluthafi í félaginu frá 2009 til 2013.

Kaupverðið samkvæmt áðurnefndum samningi var 115.000.000 króna. Við undirritun samningsins skyldu greiðast 45.000.000 króna og eftirstöðvarnar, 70.000.000 króna, skyldu greiðast með fimm árlegum, vaxtalausum afborgunum að fjárhæð 14.000.000 króna hver, sú fyrsta 15. desember 2013 og hinar fjórar 15. mars hvert ár. Lokagreiðsla skyldi þannig greiðast 15. mars 2018. Samkvæmt því sem komið er fram í málinu er kaupverðið að fullu greitt. Enginn ágreiningur er í sjálfu sér í málinu um efni samningsins, kaupverð eða greiðsluskilmála, en aðila greinir nokkuð á um tildrög hans og atvik að samningsgerðinni.

Fram kemur í stefnu að nokkru áður en fyrrgreind viðskipti hafi átt sér stað, eða 30. júní 2011, hafi B keypt 6,75% hlut af L, eða 2.395.033 hluti á 13.500.000 krónur. Segir stefnandi að það hafi verið gert í tengslum við gerð samstarfssamnings sama dag og kaupsamningurinn um hlutina var gerður. Kveðið sé á um það í kaupsamningnum frá 30. júní 2011 að söluverðið verði leiðrétt þegar allir hlutir í B séu seldir og að leiðréttingin verði til samræmis við þá til sölu til hækkunar eða lækkunar. Það mál sé enn ófrágengið og rekið í öðru dómsmáli.

Um aðkomu L að félaginu B segir í greinargerð stefndu að hann hafi orðið hluthafi í félaginu í lok árs 2009 þegar samþykkt hafi verið að hann fengi afhentan 23,75% hlut í félaginu á nafnverði eða á genginu 1 fyrir hverja krónu hlutafjár. Um hafi verið að ræða mikil vildarkjör, en sex mánuðum fyrr hefði nýr hluthafi komið að félaginu á genginu 5,64. Fyrir hlutinn hafi L greitt 8.426.967 krónur. Kaupverðið hafi hann fjármagnað þannig að hann hafi fengið 5.000.000 króna að láni hjá F sem síðar komi við sögu vegna samskipta aðila, og svo hafi félag í eigu stefnda C lánað honum 3.426.967 krónur. Sú fjárhæð hafi raunar aldrei verið endurgreidd. Frá kaupum og til sölu hlutafjárins á þessum rétt rúmum þremur árum hafi verðmæti þess nítjánfaldast.

Undir lok starfstíma L hafi verið farið að gæta talsverðra erfiðleika í samskiptum við hann sem m.a. hafi komið fram í erfiðum skapsveiflum og samstarfsörðugleikum við stefnda C og annað starfsfólk á G. Í september 2010 hafi hann svo látið af störfum að eigin ósk. Með samningi við L 30. júní 2011 hafi B keypt af honum samtals 6,75% af heildarhlutfé félagsins. Hafi hann þá átt eftir 17% í félaginu. Kaupverðið í þessum viðskiptum hafi verið 13.500.000 krónur. Á sama tíma hafi verið gerður samstarfssamningur milli aðila og M lögfræðingur tilnefndur umboðsmaður L hér á landi í samskiptum við félagið og forsvarsmenn þess. Í stefnu sé því haldið fram að í kaupsamningnum frá 30. júní 2011 komi fram að leiðréttta beri söluverðið, það mál sé enn ófrágengið og verði rekið í sérstöku máli. Sé þessu sérstaklega mótmælt af hálfu stefndu enda tæp átta ár liðin frá samningsgerðinni. Hvorki stefnandi né L hafi nokkurn rétt til leiðréttingar á því verði.

Stefnandi lýsir því svo að kaupin í mars 2013 hafi átt sér langan aðdraganda. Eftir að L hafi hætt störfum fyrir B á árinu 2010 hafi hann viljað selja hlut sinn í félaginu.

Hann hafi á hinn bóginn fengið takmarkaðar upplýsingar um rekstur og efnahag félagsins og því átt erfitt með að meta verðmæti hlutarins og útbúa viðunandi sölugögn til að geta boðið hlutinn til sölu. Hann hafi auk þess búið erlendis og því ekki verið í tengslum við starfsemi félagsins eða íslenska ferðaþjónustu almennt. Hann hafi ráðið sér lögmann til að vinna að hagsmunum sínum tengdum hlutunum í B, fyrst M og síðar N.

Lögmaður stefnanda sendi félaginu erindi 30. ágúst 2012 þar sem farið var fram á hluthafafund í félaginu auk þess sem óskað var eftir svörum við fjölmörgum spurningum um atriði er lutu að rekstri þess. Erindið var tekið fyrir á hluthafafundi 20. september 2012 og þar voru lögmanni L afhent svör við samtals 54 spurningum. Kemur fram í stefnu að einhverjum af framkomnum spurningum hafi verið svarað en í raun verði að telja að L hafi verið hundsáður af stjórnendum félagsins og öll svör og upplýsingar til hans verið með þeim hætti að það hafi átt að láta hann hafa sem minnstar upplýsingar um rekstur og efnahag félagsins. Haldinn hafi verið annar hluthafafundur 4. desember 2012 en þar hafi ekki komið fram upplýsingar eða gögn um veigamikil atriði og ljóst að stjórn félagsins hafi ekki talið ástæðu til að bæta neinu við þær upplýsingar sem gefnar höfðu verið á fundinum í september. Þessari lýsingu hafa stefndu mótmælt og benda á að stefnandi hafi fengið svör við öllum spurningum sem hann hafi óskað eftir í fyrrgreindum svörum sem lögð hafi verið fram á hluthafafundinum í september 2012 í kjölfar erindis lögmanns L 30. ágúst 2012 og síðar í ítarlegum svörum sem farið hafi verið yfir á hluthafafundi 4. desember 2012 í kjölfar annars erindis lögmanns L 25. október 2012. Sumar spurninganna hafi lotið að persónulegum málum starfsmanna, eins og launakjörum, og aðrar varðað tímabil í rekstri félagsins áður en L varð hluthafi í lok árs 2009.

Í stefnu segir að í fundargerð aðalfundar B frá 20. september 2012 komi fram undir umfjöllun um skýrslu stjórnar að mikil umskipti hafi orðið í rekstri félagsins á milli áranna 2010 og 2011 og að flestallar ytri aðstæður séu félaginu hagstæðar. Þá sé vikið að stöðu leigusalans I ehf. og að hugsanlegt sé að félagið missi eignir sínar, m.a. G, og/eða að félagið fari sjálft í gjaldþrot. Útlitið væri því dökkt hvað þetta varðaði og sú óvissa hefði gríðarleg áhrif á framtíðarrekstur og verðmæti B sem rekstrarfélags. Í umfjöllun um ársreikning félagsins fyrir árið 2011 segi að afkoma félagsins á árinu 2011 hafi verið mjög góð að mati stjórnenda þess. Framkvæmdastjóri hafi því næst skýrt frá því að horfur í rekstri á árinu 2012 væru góðar en hins vegar væru dökk óveðursský á lofti vegna fyrirhugaðrar hækkunar á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu.“ Þá segi í fylgiskjali með svörum við spurningum L sem afhent hafi verið á fundinum og rætt undir liðnum *Önnur mál:* „Þess ber að geta að óafstemmdar útskriftir úr bókhaldi félagsins eftir fyrstu 6 mánuði ársins 2012 gefa til kynna um 15 millj. kr. rekstarbata (svo) og að taprekstri fyrstu 6 mánaða ársins 2011 hafi verið snúið við.“ Enn fremur segi þar: „Eins og fram hefur komið hyggst stjórn félagsins ekki láta vinna formlegt milliuppgjör, en

tekjur júní, júlí og ágúst voru 386 milljónir á móti 374 milljónum árið áður.“ Þá sagði: „Sjóðstaða félagsins er góð eins og ávallt í lok sumars. Framundan er síðan tímabil tapreksturs sem minnkar sjóðsstöðuna umtalsvert.“

Á hluthafafundinum 4. desember 2012 hafi af hálfu L verið óskað eftir upplýsingum varðandi reksturinn 2012 og þá bókað: „C sagði að reksturinn hefði gengið vel, allt hefur í raun gengið upp, þannig hafa (svo) kvikmyndataka á [...] skapað miklar tekjur o.fl. Hins vegar hefur C áhyggjur af árinu 2013, m.a. vegna boðaðra opinberra álaga.“

Lögmaður L sendi erindi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 3. janúar 2013 með kröfu um að það hlutaðist til um rannsókn á tilteknum þáttum í starfsemi B Segir í stefnu að þetta hafi verið gert m.a. vegna tregðu stjórnar félagsins til að leggja fram upplýsingar og gögn. Erindið var síðar afturkallað með bréfi lögmanns L til ráðuneytisins 26. mars 2013 og með bréfi 19. mars 2013 afturkallaði L beiðni um skipan rannsóknarnefndar vegna málefna félagsins. Umræddur samningur aðila var svo undirritaður 19. mars 2013, eins og áður er lýst.

Stefnandi greinir svo frá að seint á árinu 2016 hafi L komist að því að þær hugmyndir og upplýsingar sem hann hefði haft um rekstur og efnahag félagsins á árunum 2012 og 2013, þegar hann gerði kaupsamninginn við B 19. mars 2013, hefðu alls ekki verið í samræmi við raunverulega rekstrarafkomu og efnahag félagsins. Hafi hann seint á árinu 2016 skoðað ársreikninga B fyrir árin 2012 og 2013 (samandregnar útgáfur) og séð að þær upplýsingar og sú mynd sem hann hafði haft af rekstri og efnahag félagsins þegar hann seldi hlut sinn væri í engu samræmi við þá mynd sem stjórnendur félagsins höfðu dregið upp af afkomunni í samskiptum við hann. L hafi þá óskað eftir því við K í upphafi árs 2017 að hún hefði milligöngu um að fá upplýsingar og gögn frá B vegna málsins og að hún myndi leita sátta í því, en hún hafði áður haft milligöngu varðandi samskipta aðila á milli. B hafi hafnað málaleitan K. Í maí 2017 hafi L óskað eftir því bréflæga við B að fá ársreikninga félagsins afhenta í því skyni að skoða málið frekar. Hafi því verið hafnað af hálfu B með bréfi 9. júní 2017. Í kjölfar fundar sem lögmann aðila hafi átt um haustið 2017 hafi framangreind beiðni verið ítrekuð en henni enn verið hafnað af hálfu B.

L hafi þá leitað til Héraðsdóms Reykjavíkur með beiðni á grundvelli 77. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um að teknar yrðu skýrslur fyrir dómi af þeim N lögmanni og O, fyrrum stjórnarmanni í B, og að lagt yrði fyrir B að afhenda honum ársreikninga félagsins árin 2012 og 2013. Vitnaskýrslur hafi verið teknar þann 5. febrúar 2018 en af hálfu B hafi málaleitan L um afhendingu ársreikninganna enn verið hafnað og hafi héraðsdómur fallist á þá afstöðu með úrskurði 11. apríl 2018. Úrskurðurinn hafi ekki verið kærður. Framangreindar skýrslutökur hafi á hinn bóginn leitt til þess mats L og stefnanda að B og stjórnendur félagsins hefðu með sagnæmum og ólögum hætti

brotið gegn hagsmunum hans þegar B keypti hluti hans (eigin hluti) á árinu 2013. Hafi aðrir hluthafar hagnast verulega á hans kostnað og beri félagið og stjórnendur þess bótaábyrgð á því gagnvart L og þar með stefnanda.

Í stefnu er því lýst að L hafi ekki átt þess kost að greina ársreikninga B fyrir árin 2012 og 2013 þar sem félagið hafi ekki viljað afhenda reikningana. Því hafi verið farin einföld leið við mat á tjóni stefnanda. Ársreikningarnir hafi svo verið lagðir fram undir rekstri þessa máls og þá fyrst hafi stefnandi getað sannreynt tjón sitt. Hann hafi því aflað matsgerðar dómkvaddis matsmanns til að sýna fram á tjón sitt út frá hefðbundnum verðmatsaðferðum og út frá raunverðmæti hlutanna sem skipt hafi um eigendur með samningnum í mars 2013.

II

Málsástæður og lagarök stefnanda og sjónarmið um atvik máls

Stefnandi byggir á því að stefndu hafi með sagnæmum og ólögum hætti valdið L, sem stefnandi leiði rétt sinn frá, tjóni og að ráðstafanir félagsins og stjórnar þess hafi verið til þess fallnar að afla öðrum hluthöfum en L ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað hans.

Stefnandi byggir á því að ef L hefði haft þær upplýsingar sem hann hafi síðar fengið hefði hann aldrei samþykkt að selja hlutina til B á því verði sem kaupsamningurinn kvað á um. Aðrir hluthafar í félaginu hafi því hagnast umtalsvert á hans kostnað vegna viðskiptanna.

Því er lýst í stefnu að kaupin í mars 2013 hafi átt sér nokkurn aðdraganda. Eftir að L hafi hætt störfum á árinu 2010 hafi hann viljað selja hlut sinn í félaginu en fengið takmarkaðar upplýsingar um rekstur þess. Málið hafi hins vegar þróast þannig að fyrirsvarsaður B hafi komið þeim skilaboðum til L í byrjun mars 2013 að félagið vildi kaupa alla hluti hans með þeim skilyrðum m.a. að krafa um rannsókn á rekstri félagsins yrði afturkölluð. Lýsir stefnandi atvikum svo að kaupsamningurinn hafi verið lagður fyrir hann á fundi hjá lögmanni B á þeim grundvelli að hann yrði að taka fram komnu boði en ella kæmist enginn samningur á. Ekki væri neitt tilefni til samningaviðræðna og engar frekari upplýsingar yrðu veittar. Samningurinn hafi þannig verið algerlega unninn á vegum B og lögmaður L ekki tekið að neinu leyti þátt í gerð hans eða umræðum um hann. Hafi það verið staðfest af hálfu lögmannsins í vitnaskýrslu fyrir dómi sem liggja fyrir í málinu. Staðreyndin sé sú að við samningsgerðina hafi engar upplýsingar legið fyrir um rekstrarafkomu B á árinu 2012 aðrar en þær sem framkvæmdastjórinn C og stjórn félagsins höfðu upplýst um og bókað var um á hluthafafundum þann 20. september 2012 og 4. desember 2012 og fyrr sé getið.

Við kaupsamningsgerðina í mars 2013 hafi heldur engar upplýsingar legið fyrir um að viðræður stæðu yfir um að B myndi taka yfir félagið I ehf. sem átti fasteignina

sem G er rekið í eða um að fyrirsvarsmenn félaganna hefðu boðið rekstur B og I sameiginlega til sölu áður en samningurinn var gerður við L. C, stærsti eigandi B, hafi jafnframt verið hluthafi í I. Strax í kjölfar kaupa á hlutum L í B hafi B keypt alla hluti í I.

Í kaupsamningnum frá 19. mars 2013 hafi kaupandinn lagt gríðarlega áherslu á að L staðfesti að hann væri sáttur við upplýsingar frá kaupandanum og að L myndi skuldbinda sig til að taka ekki nein mál upp gagnvart félaginu eða stjórnendum þess á síðari stigum. L hafi hins vegar engar frekari upplýsingar eða gögn fengið frá félaginu varðandi þau atriði sem hann hafði leitað upplýsinga um og engar frekari fjárhagsupplýsingar en að framan greinir.

L hafi eigi að síður tekið þá ákvörðun að selja hluti sína B á þessum grundvelli og tilkynnt lögmanni sínum um þá ákvörðun. Hafi hann gert það þrátt fyrir að hann teldi kaupverðið nokkru undir raunverulegu verðmæti út frá verðmatsaðferðum sem hann hafi talið gilda um sölu á rekstri hótela og hann hafði aflað sér upplýsinga um. Hafi L skrifað undir samninginn án þess að fá nokkra ráðgjöf um efni hans frá lögmanni sínum eða öðrum sérfræðingum.

Mat L á framkomnu tilboði B hafi grundvallast á þeim upplýsingum og gögnum sem hann hafði frá félaginu um rekstur þess og efnahag. L hafi haft ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og framangreindar upplýsingar frá C og stjórn félagsins um að reksturinn hefði gengið vel. Reikna mætti með einhverjum rekstrarbata frá árinu áður og óverulegri veltuaukningu, en blikur væru þó á lofti.

Á árinu 2011 hafi rekstrarhagnaður B fyrir skatta numið um 94,4 milljónum. Á árinu 2012 hafi rekstrarhagnaður félagsins fyrir skatta hins vegar numið um 214,4 milljónum eða meira en tvöfalt meira en á árinu 2011. Um það hafi Lekki haft upplýsingar þegar hann seldi B hluti sína. Þær hafi stjórn B á hinn bóginn haft en ekki deilt þeim með L.

Einu tölulegu upplýsingarnar sem stjórn B hafi gefið L um rekstur félagsins árið 2012 og fyrstu mánuði ársins 2013, áður en keyptur hafi verið af honum 18,15% hlutur í félaginu, hafi verið þær að „rekstrarbati“ fyrri hluta ársins 2012 væri um 15 milljónir og veltuaukning júní–ágúst 2012 miðað við sama tíma árið áður væri 12 milljónir, veltuaukning, ekki hagnaðaraukning. Tæpum tveimur mánuðum eftir að B hafi keypt hlutinn af L og greitt fyrstu kaupsamningsgreiðslu að fjárhæð 45 milljónir króna hafi verið samþykkt arðgreiðsla til annarra hluthafa félagsins að fjárhæð 42 milljónir króna. Hluthafarnir hafi sem sagt fengið svipaða fjárhæð út úr félaginu og L og átt alla hluti sína áfram en L hafi látið alla sína hluti af hendi í viðskiptum við félagið.

Stefnandi byggir á því að með því að kaupa hlut L í félaginu án þess að láta hann hafa nokkrar fjárhagsupplýsingar aðrar en að rekstur félagsins væri með óverulegum hætti betri á árinu 2012 en á árinu 2011 og með því að greina ekki frá viðræðum um

yfirtöku á I eða möguleikum til að selja rekstur B með rekstri P hafi félagið og stjórn þess ekki greint frá verulega mikilvægum atriðum sem hefðu haft áhrif á mat L á verðmæti hins selda. Þetta hafi félagið og stjórn þess vitað eða mátt vita. Afkoma B á árinu 2012 hafi verið meira en tvöfalt betri en á árinu 2011. Það hafi stjórn B vitað í mars 2013 en L ekki.

Stefnandi byggir á því að allur aðdragandi kaupanna á hlut B af L, staða samningsaðila og atvik við samningsgerðina hafi verið með þeim hætti að leiði til bótaskyldu félagsins og stjórnarmannanna gagnvart L. Stefndu sem stjórnarmenn B hafi sett fram tilboð án þess að veita fullnægjandi upplýsingar, án þess að gefa L kost á að ráðfæra sig við sérfræðinga og án þess að gæta jafnræðis á milli hluthafa B.

Stefnandi byggir einnig á því að háttsemi stefndu hafi verið refsiverð samkvæmt 128. gr. laga um einkahlutafélög og 248. gr. almennra hegningarlaga og leiði á þeim grundvelli til bótaskyldu þeirra. Í því sambandi sé sérstaklega vísað til þeirra rekstrarupplýsinga er stjórnin hafi veitt á hluthafafundum í september og desember 2012 en hafi ekki leiðrétt við samningsgerðina í mars 2013.

Stefnandi lagði fram endanlega kröfugerð undir rekstri málsins og sundurliðar hana og útskýrir þannig að kaupverð samkvæmt samningi aðila hafi verið 115.000.000 króna fyrir 18,15% hlut þegar tekið sé tillit til hlutdeildar í eignum félagsins. Forsendur L, sem stefnandi leiði rétt sinn frá, hafi verið byggðar á ársreikningi B 2011 og upplýsingum sem stjórn félagsins hafi gefið á hluthafafundum í september og desember 2012. Dómkvaddur matsmaður hafi reiknað EBITDA-margfaldara í kaupsamningnum út frá ársreikningi B 2011, sbr. matsgerð frá 29. ágúst 2019, bls. 4.

	2011	Meðaltal 2011/130 m	130 m
EBITDA	113.524.096	121.762.048	130.000.000
Verðmæti eigin fjár	633.608.815	633.608.815	633.608.815
Langtímaskuldir.	23.215.100	23.215.100	23.215.100
Vaxtab. skammt.	64.981.176	64.981.176	64.981.176
Rekstrarvirði	591.842.739	591.842.739	591.842.739
Margfaldari	5,21	4,86	4,55

Í vinstri dálki í töflunni sé tilgreind niðurstaða matsmanns. Í miðjudálki sé aðferð matsmanns reiknuð á meðaltal EBITDU 2011 og þeirrar EBITDU sem L hafi gert ráð fyrir að væri niðurstaðan í rekstrarreikningi B á árinu 2012 á grundvelli upplýsinga sem hann hafi haft við samningsgerðina. Í hægri dálki sé sama aðferð notuð en eingöngu á þá fjárhæð sem væntingar L hafi staðið til.

Í eftirfarandi töflu sé útreikningur matsmanns í matsgerð á hinn bóginn tekinn upp auk samsvarandi útreiknings með margföldurunum 4,86 (sem byggist á meðaltali

2011 og væntingum L) og 4,55 (sem eingöngu byggist á væntingum L). Miðað sé við útreikninga á bls. 5 í matsgerð.

				213.794.309	213.794.309	213.794.309	EBITDA
				32.686.517	32.686.517	32.686.517	Söluhagn.
EBITDA	213.794.309	213.794.309	213.794.309	181.107.792	181.107.792	181.107.792	Leiðr.Ebitd a
Margfaldari	5,21	4,86	4,55	5,21	4,86	4,55	
Rekstrarvirði	1.113.868.350	1.039.040.342	972.764.106	943.571.596	880.183.869	824.040.454	
Vaxtab.skammt.kr.	94.137.895	94.137.895	94.137.895	94.137.895	94.137.895	94.137.895	
Handb.fé umfr.rekstrarþörf	100.000.000	100.000.000	100.000.000	100.000.000	100.000.000	100.000.000	
Verðmæti eigin fjár	1.308.006.245	1.233.178.237	1.166.902.001	1.137.709.491	1.074.321.764	1.018.178.349	
Verðmæti 18,5%	237.403.133	223.821.850	211.792.713	206.494.273	194.989.400	184.799.370	
Söluverð	115.000.000	115.000.000	115.000.000	115.000.000	115.000.000	115.000.000	
Mismunur	122.403.133	108.821.850	96.792.713	91.494.273	79.989.400	69.799.370	

Litið sé til þess að EBITDA ársins 2012 hafi verið 213.794.309 krónur en ekki 130.000.000 króna eins og L hafi reiknað með. Samkvæmt niðurstöðu matsmanns, eftir að hafa tekið tillit til skuldastöðu og handbærs fjár, sé mismunurinn á kaupsamningsverði og raunverði, þ.e. tjón stefnanda, 122.403.133 krónur þegar EBITDA-margfaldarinn 5,21 sé notaður. Stefnandi kveðst því hafa sett fram of lága bótakröfu í stefnu og haldi sig því við hana, þ.e. aðalkrafa hans nemi 109.356.794 krónum. Varakrafa um aðra lægri fjárhæð, að mati dómsins, sé enn fremur byggð á matsgerð og útreikningum á því tjóni sem hann hafi orðið fyrir, sbr. töflu hér að ofan, að teknu tilliti til mismunandi EBITDA-margfaldara.

Í töflunni hér að ofan sé í síðustu dálkunum tekið tillit til söluhagnaðar í rekstrarreikningi. Söluhagnaðurinn sé einsskiptistekjur en bent sé á að L hafi að sjálfsögðu átt rétt til 18,75% hlutdeildar í þeim tekjum. Varðandi aðra liði sem fjallað sé um í matsgerð sem einsskiptisliði, þá hafi L gert ráð fyrir tekjum af kvikmyndaverkefnum við sitt mat enda hafi félagið haft slíkar tekjur á árinu 2011 og 2012 og hafði verið gerð grein fyrir því á hluthafafundum. Auk þess hafi L átt rétt á hlutdeild í þessum tekjum árin 2011 og 2012 við útreikning samkvæmt samningi aðila.

Ef svo ólíklega vill til að ekki verði fallist á framangreindar málsástæður um skaðabætur byggja stefnandi á því til vara, gagnvart stefnda B, að breyta eigi samningi aðilanna um sölu á hlutum L í B í samræmi við fyrirbyggjandi útreikninga, þar sem ósannjarnt hafi verið og andstætt góðri viðskiptavenju fyrir B að bera samninginn fyrir sig, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Ljóst sé að L hafi fengið rangar upplýsingar um rekstur B frá stefndu og það hafi leitt til

Þess að söluverð hluta hans hafi verið bersýnilega ósanngjarnt og öðrum hluthöfum til hagsbóta. Jafnframt sé vísað til sjónarmiða um ólögmeta auðgun.

Í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 sé að finna þau atriði sem séu skilyrði fyrir því að 1. mgr. verði beitt með þeim hætti sem krafist sé. Líta þurfi til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Efni samningsins hafi bersýnilega verið óhagfellt L enda hafi það verið byggt á röngum og ófullnægjandi upplýsingum um B frá stefndu. Þá hafi staða samningsaðila verið með öllu ójöfn enda hafi stefndu haft aðgang að mikilvægum upplýsingum um rekstur B sem L hafi ekki fengið aðgang að. L hafi ekki heldur notið aðstoðar lögmanns við samningsgerðina og hafi samningurinn verið saminn einhliða af stefndu. Með vísan til framangreinds, þ.e. að L fékk ekki réttar upplýsingar um rekstur B, hafi atvik við samningsgerðina verið mjög ósanngjörn í hans garð. Beri því að breyta samningi hans við B um sölu á hlutum í félaginu þannig að kaupverð samningsins verði í samræmi við útreikning á aðalkröfu hans.

Samlagsaðild til varnar í málinu styðst við 2. málslíð 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda beri stefndu sameiginlega ábyrgð á því tjóni sem L hafi orðið fyrir og rekja megi sök aðilanna til sömu atvika og löggernings, þ.e.a.s. sölu L á hlutum sínum í B, og ófullnægjandi upplýsingum sem stefndu hafi veitt honum með sagnæmum hætti.

Stefnandi kveðst vísa til almennra skaðabótareglna og til meginreglna kaupa-, samninga- og kröfuréttar, m. a. um sjónarmið um mismunandi aðstæður og stöðu aðila við samningsgerð. Þá sé vísað til meginreglna félagaréttar. Sérstaklega sé vísað til 51. gr. og 128. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Krafa stefnanda um vexti byggist á 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafa um dráttarvexti er byggð á 9. gr. sömu laga.

Málkostnaðarkrafa er byggð á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. m.a. 130. gr. laganna, og krafa um að tekið verði tillit til virðisaukaskatts sé reist á lögum nr. 50/1988 en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Varðandi varnarþing vísast til 1. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991.

III

Málsástæður og lagarök stefndu og sjónarmið um atvik máls

Stefndu krefjast öll sýknu af kröfum stefnanda en til vara að þær verði lækkaðar verulega. Stefndu byggja á því að kröfur stefnanda séu fyrndar, en sé svo ekki, þá séu skilyrði ekki uppfyllt til að taka dómkröfur stefnanda til greina, hvorki á grundvelli málsástæðna um skaðabætur né á grundvelli ógildingarreglna samningalaga, sbr. 36. gr. þeirra. Um hafi verið að ræða kaupsamning, sem hafi verið efnður strax á árinu 2013 með

reiðufjárgreiðslu og útgáfu lánessamnings, sem nú sé að fullu greiddur. Seljandinn hafi þekkt til rekstursins á sínum tíma og verið meðvitaður um að árið 2012 stefndi í metafrömu. Ekkert í atvikum málsins bendi til þess að L hafi orðið fyrir fjártjóni eða að skilyrði skaðabóta séu fyrir hendi. Þá bendi ekkert til þess að hann hafi á einhvern hátt verið leyndur upplýsingum þannig að hann hefði ekki gert samninginn á sínum tíma ef þær hefðu legið fyrir.

Stefndu mótmæla málsatvikalýsingu stefnanda hvað varðar aðdraganda kaupsamningsins í mars 2013, atvik við samningsgerðina og stöðu aðila. Þá sé því mótmælt að stefndu hafi haldið upplýsingum um rekstur og hag félagsins frá L eða atriðum er tengjast kaupum þess á félaginu I. Málið snúist um gildan samning þar sem L seldi allt hlutafé sitt í B Samtals hafi verið um að ræða 17% af heildarhlutafé B Félagið hafi verið kaupandi, en hlutafé þess hafi síðan verið lækkað í framhaldinu, eins og lög geri ráð fyrir. B sé rekstrarfélag G og J og áður H. Samningurinn hafi verið gerður með samþykki allra hluthafa.

Í stefnu sé því ranglega haldið fram að L hafi viljað selja hlut sinn í B við starfslok í september 2010. Við starfslok hafi L sent samstarfsfólki sínu kveðju þar sem m.a. hafi komið fram að hann yrði áfram hluthafi í félaginu. Eftir það hafi lítið frést af honum til að byrja með. Lögmaður hans hafi sett fram kröfu um hluthafafund í félaginu með bréfi 30. ágúst 2012 og hafi því fylgt ítarleg upplýsingabeidni um málefni félagsins. Bréfinu hafi verið svarað 19. september og hluthafafundur verið haldinn 20. september 2012. Þar hafi spurningum hans einnig verið svarað með ítarlegum hætti. Í byrjun nóvember hafi svo átt sér stað samskipti við L, með milligöngu F, og honum boðið að fá fullan aðgang að bókhaldi félagsins í samræmi við óskir hans en því hafi hann hafnað og ekki virst hafa áhuga á því lengur. Hluthafafundur hafi svo verið haldinn 4. desember 2012, að beiðni lögmanns L sem sett hafi verið fram í tölvupósti 25. október 2012, þar sem fram hafi komið að óskað væri eftir því að á dagskrá fundarins yrði tillaga um opinbera rannsókn á málefnum félagsins. Hafi tillaga um það verið borin upp á fundinum en hún felld með 83% atkvæða gegn þeim 17% sem voru á hendi L. Lögmaður L hafi svo sent erindi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um rannsókn á starfsemi B 3. janúar 2013. Forsvarsmenn félagsins hafi ekki talið um málefnalega gagnrýni að ræða á starfsemi félagsins heldur hafi tilgangurinn verið sá einn að valda óróa og usla svo L yrði keyptur út úr félaginu. Hafi þetta síðar verið staðfest í skýrslutöku fyrrum lögmanns hans sem fram hafi farið 5. febrúar 2018.

Í stefnu sé því lýst að atvik málsins hafi þróast þannig að fyrirsvarsmáður B hafi komið þeim skilaboðum til L í byrjun mars 2013 að félagið vildi kaupa alla hluti hans gegn því að beiðni um rannsókn á málefnum félagsins yrði afturkölluð. Þetta sé rangt. Hið rétta sé að í tölvupósti L til F 3. nóvember 2012 kom fram að hann muni ekki hefja neinar aðgerðir gegn C fyrr en „í byrjun næstu viku“. Hann sé að bíða eftir hluthafafundi

og muni svo senda beiðni um rannsókn til ráðuneytisins. Þangað til sé C frjálst að því að gera honum sölutilboð í sín bréf eða tilboð í hlutabréf L. Hinn 5. nóvember hafi svo komið skilaboð frá F þess efnis að lögmaður L teldi að annar hvor aðili yrði að selja eða kaupa hlutaféð. Hinn 17. desember 2012 hafi lögmaður L sent skilaboð er vörðuðu mögulega sölu á hlutafé L. Í tölvupósti lögmannsins 14. janúar 2013 hafi komið fram að lögmaðurinn óskaði eftir fundi með C vegna sölu á hlut L. Beiðnin hafi svo verið ítrekuð 21. janúar 2013. Í raun gerist svo lítið í málinu þar til í mars 2013. C hafi þá boðist til, eftir alla eftirgangsssemi L, að greiða 95.000.000 króna fyrir hlutaféð. Því hafi verið hafnað af hálfu stefnanda.

Með tölvupósti 10. mars 2013 hafi C svo upplýst stjórn B, og sína helstu ráðgjafa, um að K hefði haft samband við hann og komið þeim skilaboðum áleiðis að L vildi selja hlut sinn á 165 milljónir. C hafi hafnað því. Strax sama dag hafi K hringt aftur og tilkynnt honum að L væri tilbúinn að selja fyrir 115 milljónir auk arðgreiðslu tveggja liðinna ára. Því hafi C hafnað enda hefði enginn arður verið greiddur til hluthafa á þeim árum, sem L hefði ekki fengið. Í þessum tölvupósti hafi komið fram tillaga um greiðslu á fimm árum, sem upphaflega áttu að vera jafnar greiðslur, en breyst í að L hafi fengið ríflega helming kaupverðsins greiddan fyrsta árið. Komi þetta skýrlega fram í tölvuskeytum frá 10. og 11. mars 2013.

Á þessu tímamarki komi því samningsfjárhæðin og hugmyndin að greiðsludreifingu fyrst fram. Um leið og hillti undir lokagreiðsluna hafi L verið kominn á kreik aftur í þeim tilgangi að hafa meira fé út úr stefndu, eins og bréf lögmanns hans og þessi málsókn beri vitni um. Eins og samskiptin beri með sér sé það L sjálfur sem komi fram með fjárhæðina eða K fyrir hans hönd. Málavaxtalýsing í stefnu komi því ekki heim og saman við samtímagögn málsins. Leiði það til þess að málalíbúnaður stefnanda sé hruninn og beri því að taka kröfur stefndu um sýknu til greina þegar af þeirri ástæðu.

Þá benda stefndu á að drög að fréttatilkynningu sem L hafi viljað senda út til fjölmiðla á Íslandi í tilefni af því að hann hefði selt hlutafé sitt í B liggi fyrir í málinu. Aðilar hafi ekki séð nauðsyn á því að upplýsa þjóðina um þessi viðskipti. En auk þess verði ekki séð af efni tilkynningarinnar að L hafi gengið ósáttur frá borði, eins og nú sé haldið fram.

Þá sé því mótmælt sem haldið sé fram í stefnu að kaupsamningurinn hafi verið lagður fyrir L á fundi hjá lögmanni B og honum sagt að taka honum ella kæmist enginn samningur á. Um ekkert slíkt hafi verið að ræða. Á hinn bóginn hafi verið ljóst að C, sem forsvarsmaður B, væri ekki tilbúinn að greiða hærra verð fyrir hlutinn og við það hafi setið. Engar blekkingar eða skortur á upplýsingum hafi legið þar að baki heldur hafi menn einfaldlega ekki talið forsvaranlegt að greiða hærra verð fyrir hlutaféð.

Stefndu hafna því alfarið að L hafi ekki haft neinar upplýsingar um rekstrarafkomu B á árinu 2012. Um það sé sérstaklega vísað til tölvupósts L til lögmanns

síns 25. janúar 2013 þar sem L segi að C sé að bera það út að afkoma B hafi verið í kringum 150 milljónir á árinu 2012. Hagnaður ársins 2012 hafi svo endað í 171,5 milljónum sem sé metafrkoma B frá upphafi og í engu samræmi við afkomu áráanna á undan eða þeirra sem á eftir komu. Endanleg afkoma ársins 2012 hafi ekki legið fyrir fyrir en í júní 2013 þegar ársreikningur félagsins var tilbúinn. L hafi því ekki verið grunlaus um það að árið 2012 yrði gott ár fyrir B, eins og ranglega sé haldið fram í stefnu. L hafi verið upplýstur um það á hluthafafundi 4. desember 2012 að ársreikningur félagsins yrði tilbúinn í apríl/maí 2013 og stefnt yrði að því að halda aðalfund félagsins á árinu á þeim tíma. L hefði því verið í lófa lagið að bíða fram yfir aðalfundinn með sölu. Það hafi hann á hinn bóginn ekki kosið að gera heldur hafi hann óskað eftir sölu á tímamarki sem hann hafi ráðið sjálfur og þess vitandi að afkoma félagsins væri met í sögulegu samhengi, a.m.k. að lágmarki 150 milljónir.

Þá sé því alfarið hafnað að við samningsgerðina í mars 2013 hafi legið fyrir að B myndi kaupa I, eins og síðar hafi orðið. Eftir miklar sölutilraunir hafi niðurstaðan orðið sú að B keypti félagið í júní 2013 eftir að P, þáverandi formaður stjórnar I, óskaði eftir því að hlutaféð væri keypt á nafnverði. Framlögð samtímagögn sýni að í mars 2013 hafi verið móttækin tilboð og gerð gagntilboð af hálfu I vegna félagsins. Það hafi ekki verið fyrir en í júní, sem tekin hafi verið ákvörðun um að B keypti hlutafé I. Kaupverðið hafi verið hærra en önnur tilboð sem höfðu borist. Hvernig I tengist málsgrundvelli stefnanda sé hins vegar óljóst. Að því leyti sé málið með öllu vanreifað.

Samningurinn sem var gerður sé ekki flókinn. Þáverandi lögmaður L hafi verið viðstaddur undirritun hans, hann hafi lesið samninginn yfir og vottað hann. Samkvæmt grein 10.2 í samningnum hafi verið sérstaklega áréttað að hann væri skrifaður af báðum aðilum. Samningurinn sé í samræmi við þau samskipti sem hafi átt sér stað við ráðgjafa L í aðdraganda samningsgerðarinnar.

Hvað varðar inntak samningsins taki stefndu fram að við gerð hans hafi verið lögð áhersla á að með honum væri að fullu gengið frá öllum málum við L. Hugmyndin um greiðsludreifingu hafi komið frá K þar sem stefndi C hafði viðrað við hana í samtölum að L myndi alltaf koma til baka með einhver vandræði þó hann yrði keyptur út. Lengd greiðslna skýrist af því að C hafi teygst sig langt í verðinu og talsvert umfram það sem hann hafi í raun verið tilbúinn að greiða fyrir hlutaféð á sínum tíma en einnig til að fá frið fyrir L, eins og framlögð samskipti sýni fram á. Það hafi svo komið á daginn að þegar styttist í lokagreiðsluna kom bréf frá nýjum lögmanni L þess efnis að L teldi að hann hefði verið hlunfariinn í viðskiptunum þrátt fyrir að hann hefði vitað allt um afkomu félagsins á liðnum árum og fylgst vel með þróun íslenskrar ferðabjónustu, öfugt við það sem haldið sé fram í stefnu.

Umsamið kaupverð þurfi einnig að skoða í því ljósi að um hafi verið að ræða minnihluta í óskráðu félagi. Stefndu hafi í upphafi engan áhuga haft á að kaupa hlutaféð.

Enginn söluréttur eða innlausnarréttur hafi verið tengdur hlutafénu. Alkunna sé að minnihluta hlutafjár í óskráðu félagi sé ávallt seldur við umtalsvert lægra verði en þegar um meirihluta hlutafjár sé að ræða eða það allt. Samanburður á verði meirihluta og minnihluta sé því ómarktækur. L hafi óskað eftir sölunni og tekið sjálfur ákvörðun um tímamark sölunnar. Enginn vafi sé á því að þau leiðindi sem hann hafði skapað innan félagsins hafi greitt fyrir því að hann yrði keyptur út á háu verði. Ekki vegna þess að B eða forsvarsmenn félagsins hefðu eitthvað að fela, heldur til að spara þá orku sem ávallt fari í slík leiðindi og vopnaskak. Það hafi því verið eðlilegt, miðað við það sem á undan var gengið, að L lýsti því yfir að hann væri sáttur við þær upplýsingar sem hann hefði fengið og að hann afturkallaði beiðni sína um rannsókn enda búinn að selja hlutaféð. Varðandi verðið og þessa málsókn skipti ekki síður máli að L hafi verið þess meðvitaður að stefndi C taldi að afkoma félagsins á árinu 2012 yrði í kringum 150 milljónir, sem reyndist síðan verða 171,5 milljónir, en í jafn sveiflukenndum rekstri og hótélrekstri er það bitamunur en ekki fjár. Frá því ári hafi afkoma félagsins legið niður á við. Við mat á rekstrarárangri ársins 2012 verði einnig að hafa í huga að á því ári hafi ekki verið komin fram áhrif hækkunar I á húsaleigu, sem B hafi samþykkt á hluthafafundi sínum í janúarbyrjun 2013, þ.m.t. fulltrúi L við borðið.

Staðreyndin sé því sú að L hafi fengið hátt verð fyrir hlutaféð. L hafi vitað um vænta afkomu félagsins vegna rekstrarársins 2012 og hann hafi haft sérþekkingu á hótélrekstri. Hann hafi notið aðstoðar lögmanns við samningsgerðina sem hafi vottað skjalið. L hafi einnig kosið að reiða sig á ráðgjöf fulltrúa síns við samningsgerðina, K, sem einnig hafi vottað skjalið. Fyrir það hafi K fengið greiðslu frá L. Því sé alfarið mótmælt að L hafi verið blekkur í aðdraganda eða við samningsgerðina eða hann hafi ekki notið aðstoðar lögmanns, að því er skilja má, vegna atvika er varða stefndu. Þá sé því einnig mótmælt að hann hafi eingöngu haft þær upplýsingar sem fram komi í ársreikningi vegna ársins 2011. Samtímagögn málsins sanni hið gagnstæða.

Eins og fyrr hafi verið rakið hafi afkoma B vegna rekstrarársins 2012 ekki verið í líkingu við árin þar á undan eða árin þar á eftir. Um hafi verið að ræða metaftkomu, sem algjörlega hafi verið fráleitt að nota sem útgangspunkt við mat á verðmæti félagsins. Miðað við afkomu B á síðustu árum sé ljóst að hlutafjárverði félagsins í dag sé umtalsvert lægra en á þessum tíma. Það sé því ljóst að samningurinn sem gerður var 19. mars 2013 hafi verið hagfelldur L sem seljanda.

Stefndu hafna því alfarið að hafa með saknæmum og ólögumætum hætti brotið gegn hagsmunum L þegar hann seldi hlutafé sitt á árinu 2013 og L hafi orðið fyrir tjóni af þeirra völdum. Þvert á móti hafi L selt við góðu verði án þess að B eða stefndu hafi borið að kaupa bréfin. Miðað við afkomu undanfarinna ára og blikna á lofti um þessar mundir í íslensku efnahagslífi og ferðaþjónustu sé ljóst að L sé betur settur að hafa selt á

Þessu verði en hefði hann ekki gert það. Máltilbúnaður stefnanda sé því að mati stefndu fráleitur.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fynnist skaðabótakröfur á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Kaupsamningurinn hafi verið gerður 19. mars 2013. Á þeim degi hafi fyrningarfresturinn byrjað að líða. Meintar kröfur stefnanda hafi því verið fyrndar 20. mars 2017.

Verði ekki fallist á að miða beri upphaf fyrningarfrests við kaupsamningsdag byggja stefndu á því að miða eigi við þann dag sem ársreikningi B vegna rekstrarársins 2012 hafi verið skilað til ríkisskattstjóra, eða 7. nóvember 2013. Frá þeim tíma hafi L eða stefnandi aflað sér þeirra upplýsinga sem voru nægjanlegar til að meta stöðu sína. Samkvæmt því hafi meintar skaðabótakröfur stefnanda verið fyrndar 8. nóvember 2017. Sé miðað við síðara tímamark byggja stefndu á því að hvernig sem á málið sé litið hafi það alltaf verið fyrnt þegar stefnan var birt 23. janúar 2019. Fyrir það tímamark hafi engar aðgerðir stefnanda rofið fyrningu, sbr. 15. gr. laga nr. 150/2007.

Að mati stefndu geti stefnandi ekki borið fyrir sig að hann hafi fyrst seint á árinu 2016 litið á ársreikning B og við það tímamark gert sér grein fyrir að hann hefði verið hlunntarinn í viðskiptum og miða eigi upphafsrest fyrningartíma við það tímamark.

Til vara sé byggt á því að stefnandi hafi sýnt af sér svo verulegt tómlæti að kröfur hans hafi fallið niður. Eftir allan þann tíma sem var liðinn frá kaupsamningsgreiðslu hafi ekki að neinu leyti verið réttlæt看legt að draga málshöfðun fram til janúar 2019 þegar fyrir liggir að bréf lögmanns stefnanda þar sem því sé fyrst haldið fram að L hafi verið hlunntarinn í viðskiptunum sé frá 30. maí 2017, eða tæpum tveimur árum fyrr.

Verði ekki fallist á að kröfur stefnanda séu fyrndar eða þær fallnar niður fyrir tómlæti er byggt á því að engar kröfur séu fyrir hendi og skilyrði skaðabóta ekki heldur, hvorki hvað varðar saknæmi og ólögæti né tjón. Milli aðila liggir fyrir gildur kaupsamningur, sem hafi verið gildur við stofnun hans, og að fullu efndur af hálfu kaupanda strax 19. mars 2013 þegar fyrsta greiðslan hafi verið innt af hendi og lánsamningur gerður milli aðila, sem hafi nú að fullu verið efndur. Með honum hafi L selt allt hlutafé sitt í B við verði sem samið hafi verið um við hann á sínum tíma með aðkomu lögmanns L og sérstaks launaðs ráðgjafa hans, K, sem bæði hafi verið viðstödd kaupsamningsgerðina. Engin skilyrði séu fyrir hendi til að komast að þeirri niðurstöðu að samningurinn sjálfur, þ.e. söluverðið, eða atvik við samningsgerðina hafi verið með þeim hætti að hægt sé að ná fram leiðréttingu á kaupverði í formi skaðabóta eða að skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt, eins og stefnandi byggir á til vara. Verðið hafi verið hátt á alla mælikvarða. Það hafi fyrst verið 30. maí 2017, þegar tíu mánuðir voru í lokagreiðsluna, sem bréf hafi komið fram þess efnis að L gerði athugasemd við

söluverðið. Fyrr hafi ekkert frá honum heyrst og engar tilkynningar verið sendar, sbr. 11 og 12. gr. sammingsins.

Kaupverð hlutafjárins hafi verið niðurstaða af viðræðum milli stefnda C og K, þar sem F hafi haft virka aðkomu. Hærra verð hafi stefndi B ekki verið tilbúinn að greiða fyrir hlutaféð. L hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni, hvað þá að skilyrði um saknæmi og ólögmati séu uppfyllt vegna viðskiptanna. Aðrir hluthafar stefndu B hafi ekki notið ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað L. Því sé mótmælt að hægt sé að byggja á því árið 2019 að L hefði ekki selt hlutafé sitt hefði hann haft upplýsingar um reksturinn á árinu 2012. Staðreyndin sé sú að L vissi að hagnaður félagsins væri a.m.k. 150 milljónir vegna rekstrarársins 2012, eins og fram komi í tölvupósti L til lögmanns síns 25. janúar 2013. Ekki þurfi frekari vitnanna við. Ummæli C á hluthafafundi 4. desember 2012 um að rétt væri að hafa áhyggjur af rekstri félagsins á árinu 2013 hafi verið fyllilega réttmætar.

Því sé mótmælt að gögnum hafi verið haldið frá L og komið í veg fyrir að hann fengi fullnægjandi upplýsingar eða að hann gæti ráðfært sig við sérfræðinga. L hafi getað ráðfært sig við hvaða sérfræðinga sem hann vildi og hann hafi fengið svör við þeim spurningum sem hann spurði. Stefndu skilji ekki þessa framsetningu, enda sé ekkert í málinu, atvikum þess eða skjölum sem byggji undir þær digurbarkalegu yfirlýsingar sem komi fram í stefnu. Stefndu hafa hrakið þær allar með framlögðum gögnum. Sé þeim því öllum mótmælt í heild sinni með vísan til framlagðra gagna. L hafi fengið svör við við öllum sínum 54 spurningum. Honum hafi verið svarað á aðalfundi félagsins, 20. september 2012, þ.m.t. með skriflegum hætti í bréfi sem afhent hafi verið fulltrúa hans á fundinum.

Í stefnu sé byggt á því að háttsemi stefndu hafi verið refsiverð og því til stuðnings vísað til 128. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hvernig hægt eigi að vera í einkamáli að komast að niðurstöðu um að brotið hafi verið gegn refsiaðkvæðum sé óskiljanlegt. Því sé þó sérstaklega mótmælt, sem og því að ákvæði 51. gr. laga nr. 138/1994 hafi þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Stefndu mótmæla því að hafa valdið stefnanda tjóni með nokkrum hætti. Þá telja stefndu matsgerðir þær sem stefnandi hafi aflað ekki hafa nokkra þýðingu í málinu. Samningur aðila frá 2013 hafi ekki verið byggður á neinum EBITDA-margfaldara eða „viðurkenndum verðmatsaðferðum“, eins og stefnandi reyni að halda fram í fyrirliggjandi matsbeiðnum. Því sé tómmt mál að tala um að tækt sé að nýta slíka aðferðafræði. Hún geti hugsanlega átt við þegar heilt fyrirtæki sé verðmetið á opnum markaði. Að yfirfæra það yfir á minnihluta í lokuðu einkahlutafélagi úti í sveit á Íslandi standist ekki. Ef slík nálgun væri notuð, þá væri margfaldarinn yfirleitt afleiddur af nákvæmri sjóðstreymisgreiningu, sem tæki tillit til fortíðar og framtíðar, en ekki til eins eða tveggja metára, eins og kröfugerð stefnanda virðist byggð á. Þá skipti félagið I engu

máli í þessu samhengi, þar sem það hafi ekki orðið dótturfélag B fyrr en síðar, eða í júní 2013.

Stefndu telja að L, og þar með stefnandi, hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni við sölu hlutafjárins, hvað þá að skilyrði um saknæmi og ólögmæti séu fyrir hendi. Forsenda skaðabóta, þ.e. að tjón hafi orðið, sé því ekki fyrir hendi. Alkunna sé að verðmæti hlutafjár geti hækkað og lækkað. Þegar hlutafé sé keypt og selt verði aðilar að una því að verðgildi þess geti hækkað og lækkað, enda sé alltaf einhver áhætta tengd viðskiptum með hlutafé. Mikið þurfi til að koma svo dómstólar breyti samningum eða dæmi skaðabætur vegna viðskipta með hlutafé. Þau sjónarmið sem hafi legið slíkum dómum til grundvallar eigi ekki við í þessu máli. Afkoma B árið 2012 hafi verið mjög góð. Rekstrarlegar forsendur hafi hins vegar ekki verið fyrir því að sú afkoma héldist á komandi árum, eins og komið hafi á daginn. L hafi fengið allar upplýsingar sem hann óskaði eftir og hann gekk sjálfur hart fram um sölu hlutafjárins. Verði talið að verðmæti hlutafjárins hafi verið meira í mars 2013 en samningur aðila kvað á um sé ekki við stefndu að sakast í þeim efnum enda skilyrði um saknæmi og ólögmæti ekki uppfyllt. Samningur aðila skuli einfaldlega standa.

Stefnandi byggi á því til vara að ákvæði 36. gr. samningalaga eigi að leiða til þess að samningi aðila verði breytt, þar sem það sé ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að bera samninginn fyrir sig. Þessari málsástæðu sé mótmælt, eins og öllum málsástæðum stefnanda. Kaupverð hlutafjár, sem fengið sé með niðurstöðu samningaviðræðna aðila, þar sem seljandinn veit að afkoma félagsins er nærri því sem hún var á árinu 2012, geti að mati stefndu aldrei verið með þeim hætti að ákvæði 36. gr. samningalaga eigi við. Skilyrði ákvæðisins sé ekki uppfyllt. Þá sé því mótmælt að L hafi ekki notið lögmannsaðstoðar, þegar fyrir liggir að samningurinn sé vottaður af lögmanni hans og ráðgjafa, sem hafi verið viðstaddir samningsgerðina. Samningurinn hafi verið yfirfarinn af lögmanninum, áður en skrifað var undir, enda aðalatriði samningsins kaupverðið og forsendur kaupanda að með honum væri ágreiningur aðila frá fyrri tíð leystur. L hafi rétt fyrir samningsgerðina fengið svör við öllum spurningum, sem hann hafði spurt um rekstur B og hann átti rétt á.

Stefndu hafni málatilbúnaði stefnanda í heild sinni og lýsingu á málsatvikum. Staðreyndin sé sú að kaupsamningur um 17% hlut í B hafi verið gerður af hálfu seljanda af fúsum og frjálsum vilja, eftir mikinn þrýsting frá honum, þar sem óvönduðum meðölum hafi verið beitt, eins og gögn málsins beri með sér. Seljandinn hafi sjálfur þrýst á um söluna. Kaupverðið hafi verið 115.000.000 króna. Það verð hafi verið niðurstaða af samningaviðræðum aðila. Í þeim hafi L viljað fá herra verð, eins og gangi og gerist af hálfu seljanda. Kaupandinn hafi viljað borga lægra verð og niðurstaðan verið þarna á milli. Eins og rekstur B hafi þróast liggir fyrir að L hafi gert samning sem hafi verið honum hagfelldur.

Við mat á verðmæti hlutar L verði einnig að hafa í huga að um var að ræða áhrifalausán minnihluta í óskráðu félagi, sem tryggði L enga stjórnunaraðkomu að félaginu. L hefði ekki getað selt þennan hlut neinum öðrum, nema þá á umtalsvert lægra verði. Hefðu stefndu virkilega viljað koma illa fram við L hefðu þau látið hann vera læstan inni í félaginu, eins lengi og þeim hugnaðist. Það hafi ekki verið gert, bæði með tilliti til hagsmuna hans og vegna ósæmilegrar framkomu og háttsemi hans, bæði gagnvart félaginu sjálfu, en ekki síður gagnvart stefndu persónulega, sbr. miður smekklegr skilaboð L til stefndu, D, á samskiptamiðlinum Facebook þar sem hann segi: „burn in hell“. Það hafi verið mikils um vert að losna við þennan mann úr hluthafahópnum þó til þess hefði hann í raun ekki átt neinn rétt.

Öllum kröfum stefnanda um vexti er mótmælt. Varðandi varakröfu um lækkuun, þá sé hún byggð á sömu sjónarmiðum og aðalkrafa um sýknu.

Stefndu, C, E og D, gera sjálfstæða sýknukröfu í málinu.

Stefndu taka fram að viðsejandi L hafi verið hið stefnda félag B Verði komist að þeirri ólíklegu niðurstöðu að L hafi verið valdið bótaskyldu tjóni sé byggt á því að á því beri félagið eitt ábyrgð gagnvart stefnanda en ekki hinir stefndu einstaklingar. Stefndu benda á að málið sé vanreifað hvað þetta varðar, einkum þáttur D og E. Til vara sé því gerð sú krafa að í öllu falli verði þessar stefndu sýknaðar af öllum kröfum þar sem þær hafi ekki að neinu leyti komið nálægt þessum viðskiptum að undanskildu því að samþykka þau þegar niðurstaða viðræðna aðila hafi legið fyrir.

Stefndu vísa um rök fyrir kröfum sínum til laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og almennra sjónarmiða um tómlæti og meginreglna kröfu- og samningaréttar þess efnis að gerða samninga beri að halda. Um málskostnað vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu öll sameiginlega um bætur vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir við sölu á hlut sínum í hinu stefnda félagi, B Stefndandi beinir þannig kröfu sinni að félaginu B og stjórnarmönnum í því, þeim C, E og D. Verður málatilbúnaður stefnanda skilinn svo að hann hafi, fyrir tilverknað stefndu, selt hlut sinn í félaginu án þess að hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um stöðu félagsins og ýmsar rekstrarlegar forsendur sem honum hafi verið nauðsynlegar og leitt hafi til þess að stefndu greiddu of lágt verð fyrir hlut stefnanda og högnuðust þannig við kaupin á hans kostnað. Þannig hafi komið í ljós síðar, er hann hafi kynnt sér málefni félagsins, að afkoma ársins 2012 hefði verið miklu betri en hann hefði fengið upplýsingar um. Staða félagsins hafi því verið mun betri en ráða hafi mátt af þeim upplýsingum sem hann hefði haft er viðskiptin áttu sér stað.

Nánar tiltekið telur stefnandi að stefndu hafi sem stjórnarmenn í félaginu valdið honum tjóni með sagnæmri og ólögmatrí háttsemi við samningsgerðina með því að halda frá honum upplýsingum um rekstur og efnahag félagsins og það hafi leitt til þess að hann hafi selt félaginu hluti sína á undirverði. Hefur stefnandi einnig byggt á ákvæðum laga nr. 7/1936, einkum 36. gr., og ákvæðum laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, einkum 51. gr. og 128. gr. Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir tjóni við viðskiptin og að á tjóni hans beri félagið og áðurnefndir stjórnarmenn óskipta ábyrgð. Byggir málsóknin því á samlagsaðild allra stefndu til varnar, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Stefndu, C, E og D, hafa í málinu gert sjálfstæða kröfu um sýknu þar sem viðsemjandi L hafi verið hið stefnda félag B en ekki hinir stefndu einstaklingar. Málið sé í raun vanreifað að þessu leyti, einkum hvað varðar þátt D og E, og í öllu falli gerð krafa um sýknu þeirra þar sem þær hafi ekkert komið að þessum viðskiptum að undanskildu því að samþykkja þau er niðurstaða viðræðna aðila lá fyrir.

Dómurinn fellst ekki á sjónarmið stefndu hvað þetta varðar og telur að stefnandi geti á grundvelli framangreinds ákvæðis laga nr. 91/1991 og á þeim málgrundvelli sem hann hefur valið máli sínu beint kröfum óskipt að stjórnarmönnum félagsins á umræddum tíma og félaginu sem slíku. Verða stefndu, C, E og D, ekki sýknuð af kröfum stefnanda á þessum grundvelli.

Í málinu vísar stefnandi til þess að forsendur L, sem stefnandi leiðir rétt sinn frá, við samningsgerðina hafi verið byggðar á ársreikningi B fyrir árið 2011 og upplýsingum sem stjórn félagsins hafði gefið á hluthafafundum í september og desember 2012. Hann hafi þannig gert ráð fyrir að EBITDA félagsins yrði 130.000.000 króna. Raunin hafi á hinn bóginn orðið sú að EBITDAN hefði orðið miklu hærri eða 213.794.309 krónur. Í stefnu vísar stefnandi til þess að kaupverðið hefði því átt að vera 224.356.794 krónur, í stað 115.000.000 eins og raunin hafi verið í samningnum, hefði stjórn félagsins upplýst stefnanda um raunverulega rekstrarafkomu félagsins á árinu 2012, sem stjórnin þekkti eða mátti þekkja. Mismunurinn nemi 109.356.794 krónum, sem sé aðalkrafa hans samkvæmt stefnu. Undir rekstri málsins var dómkvaddur að beiðni stefnanda Símon Á. Gunnarsson endurskoðandi, í því skyni að sýna fram á að stefnandi hefði orðið fyrir tjóni í viðskiptunum. Matsspurningunum til grundvallar lágu þær forsendur sem stefnandi hafði sjálfur byggt á í kaupsamningnum, þ.e. „hvaða EBITDA margfaldara L sætti sig við í viðskiptunum“ eins og það var orðað af hálfu stefnanda við aðalmeðferð málsins. Liggur matsgerð Símonar frá 29. ágúst 2019 fyrir í málinu auk viðbótarmats hans frá 7. janúar 2020. Miðast endanleg kröfugerð stefnanda við niðurstöðu matsmanns. Í skýrslu matsmannsins fyrir dóminum kom fram að hann leit ekki svo á að hann ætti að meta tjón stefnanda heldur hefði hann svarað ákveðnum spurningum sem hefðu byggst á tilteknum forsendum um EBITDU-útreikninga

Málatilbúnaður stefnanda byggist nánar tiltekið á því að EBITDA ársins 2012 hafi í raun verið 213.794.309 krónur en ekki 130.000.000 króna, eins og stefnandi hafi gert ráð fyrir við samningsgerðina. Samkvæmt niðurstöðu matsmanns, eftir að tekið hafi verið tillit til skuldastöðu og handbærs fjár, sé mismunurinn á kaupsamningsverði og raunverði, þ.e. tjón stefnanda, 122.403.133 krónur þegar EBITDA-margfaldarinn 5,21 sé notaður. Stefnandi kveðst því í raun hafa sett fram of lága bótakröfu en aðalkrafan sé þó óbreytt, þ.e. 109.356.794 krónur. Þegar litið sé til þess að umræddur kaupsamningur hafi verið gerður í lok mars 2013 og til afkomu B á árinu 2013, ásamt afkomu dótturfélagsins I, sem hafi orðið dótturfélag B á árinu 2013, sé bæði rétt og eðlilegt að tjón stefnanda sé aðallega reiknað út frá verði sem grundvallist á rauntölum ársins 2012, þ.e. EBITDA ársins 2012 og öðrum stærðum í ársreikningi þess árs eingöngu, en ekki meðaltali árána 2011 og 2012. Varakrafa um aðra lægri fjárhæð að mati dómsins er enn fremur byggð á matsgerð og útreikningum stefnanda á því tjóni sem hann hafi orðið fyrir og nánar er gerð grein fyrir í endanlegri kröfugerð hans.

Stefndu hafa hafnað kröfum stefnanda. Snúa efnislegar varnir stefndu að því að þau verði ekki krafín um bætur vegna meints tjóns stefnanda þar sem skilyrði til þess séu ekki fyrir hendi, um saknæmi eða ólögmæti eða tjón, og þá séu engin skilyrði til þess í málinu að beita ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá hafi viðskiptin ekki brotið í bága við tilgreind ákvæði hlutafélagalaga. Loks sé krafa stefnanda fyrnd hafi hún á annað borð verið fyrir hendi.

Að þessu sögðu tekur dómurinn fram að umfang máls þessa fyrir dómnum er nokkuð mikið, í því liggur fyrir fjöldi skjala og við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóminn fjölmörg vitni. Ljóst er að aðila greinir verulega á um aðdraganda og atvik að samningsgerðinni í mars 2013 og er því hér að framan gerð ítarleg grein fyrir sjónarmiðum þeirra hvað það varðar í kafla um málsástæður aðila. Þá hefur stefnandi undir rekstri málsins aflað matsgerðar og viðbótarmatsgerðar til sönnunar á meintu tjóni sínu, eins og fram er komið. Í grunninn snýst málið þó í sinni einföldustu mynd um það hvort stefndu hafi í aðdraganda samningsins, eða við samningsgerðina í mars 2013, haldið upplýsingum frá stefnanda sem leitt hafi til þess að hann hafi gengið til samninga um sölu hlutar síns í B á röngum forsendum og selt hluti sína til hins stefnda félags á undirverði og þannig verið hlunnfarinn í þessum viðskiptum. Eins og málið er lagt fyrir dóminn getur aðeins komið til álita að meta hvort stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, og þá hvert tjón hans er, sé það grundvallatriði uppfyllt að stefndu hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi í skilningi skaðabótaréttarins eða einhver þau atvik hafi verið fyrir hendi sem leitt geti til þess að ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 eigi við í málinu.

Ljóst má vera af því sem fram er komið í málinu að samskipti L og stefndu voru með þeim hætti í aðdraganda samningsgerðarinnar að forsendur voru brostnar fyrir áframhaldandi samvinnu þeirra. Kom þetta einnig skýrlega fram í skýrslutökum fyrir

dóminum. Þá verður einnig að telja fram komið með nægilega skýrum hætti að frumkvæði að sölu hlutanna hafi komið frá L sjálfum. Verður það í fyrsta lagi ráðið af gögnum málsins, sbr. bréf lögmanns L til lögmanns stefndu 17. desember 2012 og 14. og 21. janúar 2013. Í öðru lagi fær þessi ályktun einnig stoð í skýrum og afdráttarlausum framburði K og F, sem bæði báru um að þau hefðu komið að málum aðila til að miðla málum milli L og forsvarsmanna B í aðdraganda samningsins. Dómurinn tekur sérstaklega fram að framangreind tvö vitni gáfu greinargóðar skýrslur fyrir dóminum, bæði þekktu þau vel til stefnanda og stefndu og til aðdraganda þeirra viðskipta sem hér er deilt um. Þannig kom fram í máli K fyrir dóminum að L hefði legið á að selja hlut sinn þar sem hann hefði verið kominn út úr rekstrinum og ætlað að nota andvirði sölunnar í viðskipti annars staðar. Þá kom fram í máli F að L hefði viljað selja bréfin og að stefndi C hefði ekki haft frumkvæði að sölunni. L hafi viljað ákveðið verð sem F sjálfum hafi fundist allt of hátt og C hafi heldur ekki getað samþykkt verðhugmyndir L. Engum upplýsingum hafi verið leynt og L hafi ekki verið í neinu villu um virði eða verðmæti félagsins.

Enn fær þetta stoð í framburði N, lögmanns L á þessum tíma, sem kvað L hafa verið ákafan að selja hluti sína í félaginu. L hafi reynt að fá C til að kaupa hlutina en C ekki viljað það. L hafi verið mjög ósáttur við að menn vildu ekki kaupa hann út. Frumkvæðið að viðskiptunum hafi L átt en lokadrög samningsins hafi þó ekki verið frá honum. Það kemur raunar ekki heim og saman við það sem fram kom í skýrslu K fyrir dóminum, en hún bar um að hún hefði komið á skrifstofu lögmanns stefndu með samninginn, sem hún hefði „sjálf gert með L og í tengslum við F“. Svo hefði hann tekið breytingum þannig að að upphæðin hefði breyst og greiðslum verið dreift. Síðar kom fram hjá vitninu til nánari útskýringar að hún hefði ein skrifað samninginn og lagt hann fyrir á fundi með lögmanni stefnda eftir að hafa talað við L. Aðspurð kvað hún L „algjörlega“ hafa þekkt til samningsins.

Ljóst er af gögnum málsins að stefnda C hugnaðist ekki að kaupa hlutina á því verði sem L vildi. Kemur það t.d. skýrlega fram í tölvuskeytum hans 10. og 11. mars 2013 til annarra stefndu í málinu. Þá er einnig ljóst að L taldi verðhugmyndir C vera of lágar, eins og fram kemur í tölvupósti F 11. mars 2013 til stefnda C.

Um framhald samningaumleitana er það að segja að framburður bæði K og F fyrir dóminum verður skilinn svo að aðilar hafi varpað á milli sín hugmyndum um endanlegt verð. Orðaði vitnið K það svo fyrir dóminum að erfitt hefði verið að verðleggja fyrirtækið og eina leiðin hefði bara verið „út frá tilfinningum í raun og veru, hvers virði L fannst sú frumkvöðlavinna sem hann hafði stundað“. Það hafi verið nokkurs konar „hypothetical value sett á fyrirtækið, það var ekkert annað á bak við það“. Ekkert verðmat hafi farið fram eða nokkrar forsendur verið ræddar um EBITDU-afkomu eða EBITDA-margfaldara. Vel mætti vera að L sjálfur hefði „haft sinn grundvöll og sínar skýringar en

hann samþykkti þetta verð“. Ekkert benti til þess að L hefði ekki vitað hvað hann væri að gera. Hann hefði verið mjög sáttur við söluna. Þetta hefði allt snúist um „hvað hann myndi sætta sig við“.

Líta verður því svo á að verðhugmyndum hafi verið varpað á milli aðila með aðkomu og milligöngu þeirra F og K og niðurstaðan því verið ákveðin málamiðlun sem aðilar gátu sætt sig við. Endanlegt kaupverð og útfærsla hvað varðar greiðsludreifingu hafi þannig byggst á nálgun beggja aðila, þ.e. hversu langt hvor um sig var tilbúinn að ganga til að ljúka samningi. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að einhvers konar verðmatsútreikningar hafi verið forsendur endanlegs samnings. Engu breytir um þetta þó vera kunni að L hafi rætt verðmatshugmyndir á fyrri stigum við lögfræðilegan ráðgjafa sinn eða við F, sbr. tölvuskeyti hans frá 5. og 8. febrúar 2013. Verða stefndu ekki talin bundin af slíkum hugleiðingum.

Stefnandi hefur haldið því fram í málinu að L hafi engu ráðið um efni samningsins og honum hafi verið nauðugur sá kostur að skrifa undir samning um sölu hlutanna. Þetta fær ekki stoð í gögnum málsins eða framburði vitna. Þvert á móti verður að telja fram komið að L hafi notið þeirrar ráðgjafar við samningsgerðina sem hann sjálfur kaus. Þá verður ekki talið að leitt hafi verið í ljós að L hafi verið settir neinir afarkostir í samningaviðræðum, hvorki efnislegir né þegar litið er til tímapáttar í málinu. Ekki verður séð að nokkur umræða hafi verið milli aðila um hver EBITDA ársins 2012 yrði eða hvort stuðst skyldi við EBITDU árána 2011 og 2012, hvað þá hvaða EBITDA-margfaldari væri innbyggður í samninginn eða væri eðlilegast að líta til við kaup/sölu hlutfjárins. Verður ekki hjá því komist að telja að málatalbúnaður stefnanda að þessu leyti sé nokkuð langsóttur þegar gögn málsins og samskipti aðila eru skoðuð. Verður að taka undir sjónarmið stefndu hvað þetta varðar.

Dómurinn tekur fram að ekkert er fram komið í málinu sem bendir til annars en þess að stefnandi hafi sjálfur tekið ákvörðun um sölu hlutabréfanna, söluverð þeirra og hvenær salan fór fram. Þá verður ekki fallist á að stefndu hafi á einhvern hátt haldið upplýsingum frá stefnda. Þvert á móti liggur ekki annað fyrir en að stefndu hafi svarað þeim spurningum sem stefnandi, eða fulltrúi hans, beindi til þeirra áður en til sölunnar kom og þegar hefur verið ítarlega rakið. Liggur fyrir að spurningum hans var svarað með ítarlegum hætti og yfir þær farið á hluthafafundum bæði í september og í desember 2012. Hafi stefnandi talið upplýsingarnar ófullnægjandi verður að líta svo á að honum hafi verið í lófa lagið að bíða með söluna þar til frekari upplýsingar, sem hann teldi nauðsynlegar, lægju fyrir. Fram er komið í málinu að fulltrúi stefnanda hafi verið upplýstur um það á hluthafafundinum í desember 2012 að gögn vegna ársreiknings 2012 yrðu ekki tilbúin fyrr en í apríl/maí 2013. Stefnandi ákvað allt að einu að ganga til samninga um sölu hluta sinna í félaginu. Verður stefndu ekki um það kennt. Skiptir þá í sjálfu sér engu máli þótt komið hafi í ljós síðar á árinu að afkoma B á árinu 2012 hefði

orðið umtalsvert betri en árin á undan. Er raunar fram komið í málinu að það ár hafi verið metár í rekstri félagsins, m.a. vegna umfangsmikilla en tilfallandi verkefna síðari hluta ársins 2012. Dómurinn bendir á að í aðdraganda samnings aðila í mars 2013 hafi raunar verið ýmis teikn á lofti um að ekki væru rekstrarlegar forsendur fyrir því að þessi afkoma héldist á komandi árum, eins og kom fram á hluthafafundum félagsins í september og desember 2012 og í janúar 2013, og einnig er gerð grein fyrir í svörum stefndu við spurningum stefnanda í aðdraganda samningsins.

Þá verður ekki fram hjá því litið að í umræddum samningi aðila 19. mars 2013 var sérstaklega tekið fram að með honum væru öll ágreiningsefni aðila leyst, L væri sáttur við þær upplýsingar sem hann hefði fengið og myndi draga til baka kröfu þá sem hann hafði beint til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um rannsókn á málefnum félagsins, sem hann og gerði. Lítur dómurinn sérstaklega til þess sem fram kom í skýrslu N fyrir dóminum, að tilgangurinn með þeirri kröfu hafi verið tvíþættur; þ.e. annars vegar að fá upplýsingar um stöðu félagsins og hins vegar að knýja á um sölu á hlut sínum í félaginu. Telur dómurinn að þetta styðji þá niðurstöðu að lyktir samningsins hafi verið í þökk samningsaðila.

Þá verður heldur ekki talið að háttsemi stefndu hafi brotið í bága við ákvæði laga um einkahlutafélög og er raunar sá þáttur í málaltilbúnaði stefnanda nokkuð óljós. Gætir ákveðinnar mótsagnar í málaltilbúnaði stefnanda hvað þetta varðar þar sem því er haldið fram að ekki hafi verið réttilega staðið að viðskiptunum þar sem þau hafi ekki verið borin upp með formlegum hætti en um leið gengur hann út frá því að stefndu hafi öll samþykkt samninginn og staðið að viðskiptunum og er málaltilbúnaður hans gagnvart hinum stefndu einstaklingum byggður á því. Ekkert bendir til þess að aðrir hluthafar hafi haft aðrar og meiri upplýsingar en stefndi við samningsgerðina eða að þeir hafi hagnast á kaupunum á kostnað stefnanda. Ljóst má vera af atvikum og gögnum málsins að samstarf aðila var komið í óefni og að L var mikið í mun að selja hluti sína í félaginu. Telur dómurinn ekki að háttsemi stefndu hafi á nokkurn hátt brotið í bága við ákvæði laga nr. 138/1994.

Þá verður að telja alveg ljóst að á þeim tíma er L ákveður að ganga til samninga um sölu á hlutafé sínu í B í mars 2013 standa enn yfir tilraunir við aðila til sölu félagsins I sem mun hafa átt fasteignir félagsins B. Kom þetta skýrt fram í skýrslu O, stjórnarmanns í I, og Q, sem kom að umræddum sölutilraunum, fyrir dóminum og fær þetta auk þess stoð í gögnum málsins. Er öllum sjónarmiðum stefnanda hvað varðar þennan þátt málsins hafnað. Málefni síðarnefnda félagsins höfðu auk þess verið rædd á hluthafafundunum í september og október 2012 og 10. janúar 2013 þar sem fulltrúi stefnanda var viðstaddur. Var ljóst að staða þessa félags var áhyggjuefni stjórnenda stefnda B og krafa um verulega hækkun húsaleigu virtist óumflýjanleg. Ekkert lá þó fyrir á þeim tíma um kaup B á félaginu, eins og stefnandi hefur haldið fram í málinu.

Dómurinn lítur svo á að á milli aðila hafi verið fyrir hendi gildur kaupsamningur og að hann hafi nú verið að fullu efndur af hálfu kaupanda. Með honum hafi L, sem stefnandi leiðir rétt sinn frá, selt allt hlutafé sitt í B við verði sem samið hafi verið um við hann á sínum tíma með aðkomu einstaklinga sem höfðu milligöngu um að ná sáttum í málinu og voru á einnig á vissan hátt ráðgjafar L við samningsgerðina. Þá liggur fyrir að L naut aðstoðar lögmanns er til undirritunar samningsins kom og sá hafði einnig verið fulltrúi L á fundum félagsins og komið fram fyrir hans hönd vegna kröfu um upplýsingar um rekstur og hag félagsins og vegna kröfu L um rannsókn á málefnum þess. Þessir aðilar voru og viðstaddir undirritun kaupsamningsins ásamt L. Engin skilyrði eru fyrir hendi til að unnt sé komast að þeirri niðurstöðu að samningurinn sjálfur, þ.e. söluverðið og efni hans almennt, eða atvik við eða eftir samningsgerðina eða staða samningsaðila hafi verið með þeim hætti að hægt sé að ná fram leiðréttingu á kaupverði í formi skaðabóta eða að skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt, eins og stefnandi virðist að nokkru byggja á til vara.

Samkvæmt framansögðu er það því niðurstaða dómsins að ekki séu uppfyllt skilyrði til að taka dómkröfur stefnanda til greina, hvorki á grundvelli málsástæðna um skaðabætur né á grundvelli ógildingarreglna samningalaga. Ekki verður talið að stefndu hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi gagnvart stefnanda í aðdraganda samningsins eða við samningsgerðina sjálfa. Er ekki unnt að líta svo á að það sé á ábyrgð stefndu hafi umrædd viðskipti ekki fært stefnanda þann fjárhagslega ávinning sem hann telur sig nú hafa átt rétt á. Bótaskylda þeirra vegna meints tjóns stefnanda getur því ekki komið til nokkurra álita í málinu. Er því ekki tekin nein afstaða til fjárhæðar þess tjóns sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna samningsins eða þeirra forsendna sem stefnandi byggir á við útreikning á tjóni sínu. Þá er ekkert fram komið í málinu sem leitt getur til þess að sjónarmið um ólögmæta auðgun verði talin eiga við. Vegna framangreindrar niðurstöðu koma sjónarmið um fyrningu heldur ekki til neinnar umfjöllunar af hálfu dómsins. Í samræmi við ofangreint verða stefndu því sýknuð af öllum kröfum stefnanda.

Með hliðsjón af úrslitum málsins verður stefnanda, samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/191 um meðferð einkamála, gert að greiða stefndu, hverju og einu, málskostnað, í samræmi við framsetningu í kröfugerð þeirra, eins og nánar greinir í dómsorði.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 4. febrúar 2020 en hafði ekki afskipti af því fyrir þann tíma. Við uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991 en hvorki dómari, né lögmennt af hálfu aðila, töldu þörf á endurflutningi málsins.

Dómsorð:

Stefndu, B, C, E og D, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, A
Stefnandi greiði stefndu, hverju um sig, 650.000 krónur í málskostnað.

Hólmfríður Grímsdóttir